

**Ed.**

**198. Nefndarátt**

í málinu: Frumvarp til laga um viðauka við lög um hvalveiðamenn nr. 67, 22. nóv. 1913.

Nefndin hefir ekki getað orðið samdóma um frumvarp þetta. Meiri hlutinn telur rjett að samþykkja frumvarpið; með því telur hann landssjóð losast algerlega við allar skaðabóta kröfur frá hvalveiðamönnum þeim, sem enn hafa bækistöð sína hjer á landi, en hinsvegar telur hann tilgangi laganna náð, þrátt fyrir þessa ívilnun, með því að þessir tveir hvalveiðamenn, sem eru hjer á landi, muni bráðlega hverfa hjeðan. En til þess að koma algerlega í veg fyrir alla aukning á útvegi þeirra leggur meiri hlutinn til, að háttv. deild samþykki svohljóðandi .

**VIÐAUKATILLÖGU**

við frumvarpið

Aftan við síðari málsgrein frumvarpsgreinarinnar bætist:  
nje flytja inn nýjar vjelar eða hluta úr vjelum til hagnýtingar hvalafurða.

Alþingi 22. júlí 1914

Jósef J. Björnsson,  
formaður.

Sigurður Stefánsson,  
skrifari og frsm. meiri hlutans.

Eg er ósamþykkur hv. meðnefndarmönnum mínum í þessu máli og mun gera grein fyrir ástæðum til þess við 2. umr.

Kari Finnbogason,  
framsögumaður minni hlutans.